Varamenn landskjörinna þingmanna.

Fyrir Alþýðubandalagið: Hjalti Haraldsson, oddviti.
Ragnar Arnalds, stúd. jur.
Björgvin Salómonsson, skólastjóri.
Helgi Friðriksson Seljan, skólastjóri.

Fyrir Alþýðuflokkinn: Unnar Stefánsson, viðskiptafræðingur.
Pétur Pétursson, forstjóri.
Hjörtur Hjálmarsson, skólastjóri.
Hilmar S. Hálfdánarson, verðgæzlumaður.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn: Eyjólfur Konráð Jónsson, ritstjóri.
Ragnar Jónsson, skrifstofustjóri.
Ásberg Sigurðsson, sýslumaður.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. nóvember 1967.*

21. desember 1967. Nr. 192.

# SAMÞYKKT

## um forkaupsrétt Selfosshrepps í Árnessýslu að fasteignum innan sveitarfélagsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. grein skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur hreppsnefnd Selfosshrepps gert eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Selfosshrepps samþykkir, samkvæmt heimild í lögum nr. 22/1932 og 26. grein laga nr. 19/1964, að áskilja Selfosshreppi forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum innan sveitarfélagsins“:

Hótel Tryggvaskáli, með tilheyrandi eignarlóð.
Austurvegur 1, með tilheyrandi eignarlóð.
Selfossvegur 5, með tilheyrandi lóðarréttindum.
Selfossvegur 7, með tilheyrandi eignarlóð.
Selfossvegur 9, með tilheyrandi eignarlóð.
Kirkjuvegur 1, með tilheyrandi eignarlóð.
Kirkjuvegur 3, með tilheyrandi lóðarréttindum.
Kirkjuvegur 5, með tilheyrandi eignarlóð.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. desember 1967.*

F. h. r.
**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*